

Þriðjudaginn 16. febrúar 1988.

Nr. 74/1987. **Radíóbúðin hf.**

(Ólafur Axelsson hrl.)

gegn

Útvarpsauglýsingum sf.

(Hákon Árnason hrl.)

Skuldamál. Endurgreiðslukrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Guðrún Erlendsdóttir og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. febrúar 1987. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms, þó þannig að frá 14. apríl 1987 reiknist dráttarvextir eftir 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga.

Með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að dráttarvextir verða eins og krafist er af stefnda hér fyrir dómi.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að frá 14. apríl 1987 til greiðsludags skal áfrýjandi, Radíóbúðin hf., greiða stefnda, Útvarpsauglýsingum sf., dráttarvexti eftir 10., sbr. 14. gr. laga nr. 25/1987.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 35,000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. desember 1986.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, höfðaði Sigurður I. Halldórsson hdl., Borgartúni 33, Reykjavík, f.h. Útvarpsauglýsinga sf., Borgartúni 22,

Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 30. apríl 1986, gegn Radióbúðinni hf., Skipholti 19, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til þess að greiða skuld að fjárhæð kr. 64.302,00 auk 3,75% dráttarvaxta á mánuði frá 1. janúar 1986 til 1. mars 1986, en 2,75% dráttarvaxta á mánuði frá þeim degi til 1. apríl 1986, en 2,25% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi krefst sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

II.

Stefnandi höfðar mál þetta til greiðslu skuldar samkvæmt 5 reikningum samtals að fjárhæð kr. 643.020,00, þ.e. nr. 3357 kr. 177.870,00, nr. 3252 kr. 219.240,00, nr. 3184 kr. 89.110,00, nr. 3457 kr. 39.690,00 og nr. 3429 kr. 117.110,00 vegna auglýsinga er Útvarpsauglýsingar sf. gerðu fyrir stefnda í desember 1985 og auglýstar voru í Rás 2 í sama mánuði.

Stefndi greiddi beint til Ríkisútvarpsins kr. 578.718,00 og er nú stefnt til greiðslu eftirstöðva skuldarinnar kr. 64.302,00.

Stefnandi byggir kröfur sínar á almennum reglum samnings- og kröfu-réttar.

III.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að stefndi hafi auglýst fyrir kr. 643.020,00 í Ríkisútvarpinu í desember 1985 sbr. reikninga sem taldir eru í stefnu. Þessa reikninga hafi stefndi greitt 24. janúar 1986 með kr. 578.718,00, þ.e. 90% af framangreindum reikningsupphæðum, en stefndi hafi fengið 10% afslátt á auglýsingum hjá Ríkisútvarpinu fyrir auglýsingar í desembermánuði 1985 vegna magns auglýsinga í þeim mánuði. Þorbjörg Guðmundsdóttir, deildarstjóri auglýsingardeildar Ríkisútvarpsins, hafi kvittað fyrir móttöku á greiðslu stefnda 24. janúar 1986 án nokkurra athugasemda.

Vegna mistaka séu framangreindir reikningar skráðir á nafn stefnanda vegna auglýsinga fyrir stefnda. Í sumum tilfellum hafi stefnandi annast innheimtu fyrir Ríkisútvarpið, en ekki hafi verið samið um slíkt fyrirkomulag milli aðila þessa máls og hafi yfirlýsing frá Ríkisútvarpinu, dags. 27. febrúar 1986, enga þýðingu í þessu sambandi. Stefnandi hafi aðeins gert óverulegan hluta af ofangreindum auglýsingum fyrir stefnda og hafi það verið greitt sérstaklega. Stefnandi geri þær dómkröfur, að stefndi greiði sér kr. 64.302,00 ásamt vöxtum sem sé sá 10% afsláttur er Ríkisútvarpið hafi gefið stefnda á auglýsingum.

Ekkert samningssamband sé á milli aðila málsins sem geti réttlætt málshöfðun stefnanda á hendur stefnda. Stefnanda hafi aðeins verið falið að búa til óverulegan hluta af þeim auglýsingum sem birtar voru í útvarpi, rás 2, í desember 1985, en hafi hins vegar aldrei verið falið að koma fram gagnvart Ríkisútvarpinu sem einhvers konar milliliður milli þess og stefnda, hvorki vegna þeirra auglýsinga er stefnandi bjó til fyrir stefnda né vegna annarra auglýsinga. Stefndi hafi greitt stefnanda fyrir gerð þeirra auglýsinga sem hann hafi tekið að sér að búa til fyrir stefnda. Stefndi hafi greitt Ríkisútvarpinu fyrir birtingu þeirra auglýsinga er birtar voru í útvarpi, rás 2, í des. 1985 og fengið fullnaðarkvittun þar að lútandi.

IV.

Niðurstaða.

Við aðalflutning málsins komu fyrir dóm til yfirheyrslu Jörundur Guðmundsson, framkvæmdastjóri og annar eigandi stefnanda, Grímur Laxdal, framkvæmdastjóri stefnda, Sigurður B. Oddsson, skrifstofustjóri stefnda, Jón Bjarni Bjarnason, deildarstjóri auglýsingadeildar stefnda, og Þorbjörg Guðmundsdóttir, fyrrverandi auglýsingastjóri Ríkisútvarpsins.

Í skjölum málsins kemur fram að reikningar þeir sem málið er af risið eru stílaðir á stefnanda og jafnframt, að þá er stefndi greiddi kr. 578.718,00 inn á reikningsfjárhæðina voru reikningarnir ekki greiðslukvittaðir, heldur var kvittað fyrir móttöku fjárhæðarinnar á viðfestan miða. Fjárhæð þessi var færð hjá Ríkisútvarpinu sem greiðsla inn á skuldastöðu stefnanda. Frá upphafi starfsemi sinnar hefur stefnandi verið í reikningsviðskiptum við auglýsingadeild Ríkisútvarpsins og með samningi stefnanda og Ríkisútvarpsins gerðum í byrjun árs 1985 var m.a. kveðið á um 10% þjónustulaun stefnanda til handa, en slíka samninga hafa auglýsingastofur við auglýsingadeild Ríkisútvarpsins.

Fram kom hjá fyrrverandi auglýsingastjóra Ríkisútvarpsins að á þessum tíma hafi engir aðrir en auglýsingastofur fengið þjónustulaun 10%, en þetta sé ekki afsláttur heldur þjónustulaun fyrir ýmsa þjónustu, m.a. innheimtu. Við gerð reikninga fyrir auglýsingar sé farið eftir nafnnúmerum og muni stefnandi hafa beðið um þessar auglýsingar og þær þess vegna farið á nafnnúmer stefnanda.

Fram kom hjá starfsmönnum stefnda að stefndi, sem rekur eigin auglýsingadeild, hafi enn ekki fengið afslátt hjá Ríkisútvarpinu en verið sé að vinna í því. Ríkisútvarpið hafi ekki gert frekari tilraunir til þess að innheimta þessar kr. 64.302,00 hjá stefnda.

Á vottorði auglýsingafulltrúa Ríkisútvarpsins, dags. 2. október 1986, kemur fram að reikningar þeir sem málið er af risið hafa verið greiddir og af þeim hafi stefnandi fengið 10% í þjónustulaun.

Pegar til þess er litið sem hér hefur verið rakið þá verður ekki á máls-
ástæðu stefnda, byggða á aðildarskorti, fallist. Stefndi fól stefnanda að
annast gerð auglýsinga og hefur a.m.k. samþykkt í verki að stefnandi hefði
milligöngu um að koma auglýsingum á framfæri við auglýsingastofu Ríkis-
útvarpsins samanber reikninga frá því í ágúst og september 1985 stílaða
á nafn stefnanda sem stefndi greiddi.

Stefndi hefur einungis greitt 90% af fjárhæð reikninga stíluðum á nafn
stefnanda vegna auglýsinga í Ríkisútvarpinu í desember 1985 fyrir stefnda;
mismuninn hefur stefnandi greitt og ber því að taka kröfu stefnanda til
greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 28.500,00.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Radióbúðin hf., greiði stefnanda, Útvarpsauglýsingum sf.,
kr. 64.302,00 með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. janúar 1986
til 1. mars 1986, en 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til
1. apríl 1986 og 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá
þeim degi til greiðsludags og kr. 28.500,00 í málskostnað.
